

Fundur hjá Fjallskilastjórn Víðdælinga, haldinn að L-Ásgeirsá kl. 19:30 laugardaginn 14.08.2010.

Formaður bauð nefnd velkomna og setti fund. Maríanna E. Ragnarsdóttir skrifar fundargerð.

1. Álagning fjallskila tekin fyrir. Ákveðið að hækka einingu úr 190 kr í 200 kr og gangnamat fer úr 9.000 í 9.500kr sem er u.þ.b. 5,5% hækkun. Ein kind er ein eining og eitt hross er 6 einingar. 30% afsláttur er af hrossum sem ekki ganga á afrétti.
2. Niðurröðun fjallskila haustið 2010 á grundvelli forðagæsluskýrslna, vortalningar og breytinga á búfjáreign. Framtalið fjallskilaskyld búfé: Sauðfé 5.622, hross 936 þ.e. samtals 11.238.
3. Ákveðið að tilhögun seinni gangna verði breytt þannig að í stað 9 manna í 2 daga fari 4 menn ríðandi og 2 á hjólum í 2 daga.

Fleira ekki tekið fyrir á fundi. Fundi slitið kl. 01.10.

Maríanna Eva Ragnarsdóttir(sign.)

Júlíus Guðni Antonsson(sign.)

Sigtryggur Sigurvaldason(sign.).